

Sp.

302. Nefndarálit

[1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1987.

Frá 2. minni hl. fjárveitinganefndar.

Við lokafrágang síðustu fjárlaga núverandi ríkisstjórnar stendur Alþingi enn einu sinni frammi fyrir því að afgreiða fjárlög sem fá ekki staðist.

Þrátt fyrir langtum meira góðæri á þessu ári en nokkur þorði að spá og þrátt fyrir horfur á áframhaldandi bata í efnahagslífinu er enn stefnt að aukinni skuldasöfnun og vandanum vísað til eftirkomenda.

Rekstrarhalli A-hluta ríkissjóðs síðustu tveggja ára, þ.e. 1985 og 1986, nemur samtals 4,5–4,6 milljörðum kr., og áætlaður halli á næsta ári er nú skv. frv. 1,5 milljarðar kr. Líklegt er að hann verði hærri í raun. Er enn ótryggilega gengið frá mörgum liðum og augljóst að margt getur farið úr böndunum, eins og reynsla undanfarinna ára hefur sýnt, þrátt fyrir margyfirlýsta stefnu fjármálaráðherra um raunhæf fjárlög og afnám aukafjárveitinga.

Við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1986 var allt kapp lagt á að sýna tekjuafgang og margir endar látnir óhnýttir til þess að ná því marki. Má nefna sem dæmi að framlag til Lánasjóðs íslenskra námsmanna var augljóslega vanáætlað um a.m.k. 250 millj. kr., gert var ráð fyrir 150 millj. kr. óraunhæfum sparnaði í starfsemi Tryggingastofnunar ríkisins og 250 millj. kr. sparnaði í rekstri ráðuneyta og ríkisstofnana, auk þess sem launaliður ríkisspítalanna var misreiknaður um 50 millj. kr. Þannig var útgjaldahliðin augljóslega vanáætluð um a.m.k. 700 millj. kr. að því er virtist beinlínis með þeim ásetningi að sýna snyrtilegri niðurstöðutölur fjárlagadæmisins því að engar alvarlegar tilraunir voru gerðar til þess að láta þær standast.

Í frumvarpi til fjárlaga næsta árs er enn gert ráð fyrir 150 millj. kr. sparnaði í starfsemi Tryggingastofnunar ríkisins, sem varla getur þýtt annað en að ætlunin sé að seilast í vasa sjúkra, og mun Kvinnalístinn að sjálfsögðu vinna gegn því af alefli. Hins vegar sýna umtalsverðar hækkanir á yfirstjórn ráðuneyta og ríkisstofnana að ríkisstjórnin hefur gefist upp við að halda rekstrarútgjöldum ríkisins í skefjum. Tilraunir til endurskoðunar á umfangi og tilverurétti ýmissa stofnana og verkefna á vegum ríkisins virðast máttlausar og árangurslitlar og þarf að taka miklu fastari tókum.

Minni hl. fjárveitinganefndar varaði eindregið við samþykkt fjárlaganna í desember 1985. Að mati okkar var slíkt fullkomið ábyrgðarleysi, og við lýstum okkur fús til samstarfs um algjöra endurskoðun þess dæmis. Meiri hl. skelti skollaeyrum við þeim málflutningi, en nú er öllum ljóst að hann átti við rök að styðjast.

Þrátt fyrir hallarekstur undanfarinna ára og áætlun næsta árs sér ríkisstjórnin það ráð eitt til þess að auka tekjur ríkissjóðs að leggja gjald á innfluttar olíuvörur. Kvinnalístinn

varar alvarlega við slíkri skattlagningu þar sem með því er höggvið að einni af forsendunum fyrir því góðæri sem þjóðin nú nýtur, að vísu í misjöfnum mæli. Ásamt góðum sjávarafla og lækkun vaxta er verðlækkun olíu meginástæðan fyrir verulega bættum hag margra fyrirtækja í sjávarútvegi. Nú vilja stjórnarliðar stefna þeim árangri í voða en mega hins vegar ekki heyra minnst á skattlagningu stóreigna, arðs af hlutabréfum né að íþyngja megi bönkum og verslunarfyrirtækjum sem mest og best hafa notið góðærisins nú og stefnu stjórnarinnar frá upphafi. Kvinnalistinn hefur margsinnis bent á nauðsyn þess að endurskoða tekjuöflunarkerfi ríkissjóðs með það fyrir augum að ná fram réttlátari dreifingu byrðanna.

Rangar áherslur ríkisstjórnarinnar við sparnað í ríkisbúskapnum hafa haft slæmar afleiðingar í samstarfi ríkis og sveitarfélaga. Samdráttur í fjárveitingum til framkvæmdaliða hefur bitnað harkalega á sveitarfélögunum, auk þess sem stjórnarliðar hafa bitið höfuðið af skömminni með árlegum niðurskurði til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Óhjákvæmileg þörf hefur knúið sveitarfélögin til áframhaldandi framkvæmda, og nú er svo komið að ríkið skuldar sveitarfélögunum lögboðin framlög til byggingar dagvistarheimila, skóla, heilsugæslustöðva og sjúkrahúsa og til hafnarframkvæmda svo að skiptir mörg hundruð milljónum króna, og segir lítið þótt framkvæmdaliðirnir séu hækkaðir nokkuð núna í tilefni kosningaárs.

Enginn framkvæmdaliður er þó svo skammarlega vanræktur sem dagvistarheimilin. Sá liður hefur sifellt minnkað að raungildi í tíð núverandi ríkisstjórnar, og í fjárlagafrumvarpinu er framlagið skorið niður um helming frá þessu ári. Núverandi ríkisstjórn lagði til 20 milljóna kr. fjárveitingu til þessa framkvæmdaliðar, þótt fyrir liggi að til þess að greiða lögboðnar gjaldfallnar skuldir ríkissjóðs vegna afstaðinna framkvæmda þyrfti rétt um 160 millj. kr., og er þá alveg eftir að mæta þörf fyrir nýjar framkvæmdir. Meiri hl. fjárveitinganefndar hefur nú tosað þessa upphæð upp í rúmar 43 millj. kr. og getur því státað af meira en 100% hækkun á þessum lið frá frumvarpinu! Sýnir það glögg hvílíkar smánartölur um er að ræða. Kvinnalistinn tekur ekki þátt í þeim óvinafagnaði og flytur sérstaka breytingartillögu við þennan lið.

Áfram ætla menn að grafa undan fjárhagsgrundvelli Lánasjóðs íslenskra námsmanna með því að ætla sjóðnum of lágt beint framlag og neyða hann til alltof mikillar lántöku. Afleiðingarnar eru síaukinn fjármagnskostnaður, og þar með er sjóðnum gert æ erfiðara að ná því marki að standa undir sér að mestu leyti sjálfur.

Framkvæmdasjóður fatlaðra er enn einu sinni skorinn niður þrátt fyrir gífurlega þörf í þeim málaflokki. Á sama tíma er ausið fé í byggingu útsölastaða fyrir Áfengisverslun ríkisins og verður vart lengra komist í rangri forgangsröð að mati Kvinnalistans.

Lögbundið framlag til Ferðamálaráðs er skorið niður um a.m.k. 30 millj. kr. á sama tíma og gróskan í ferðamálum skilar sívaxandi tekjum í ríkissjóð. Hins vegar stendur ekki á ríkissjóði að greiða reikninga svo skiptir tugum milljóna vegna ferðalaga og fundahalda stóriðjunefndar sem aldrei geta leitt til annars en vitlausrar fjárfestingar í úreltri atvinnugrein. Og dæmigert fyrirbyggjuleysi ríkisstjórnarinnar birtist ekki síst í því að framlag til Rannsóknasjóðs er sama krónutalan þriðja árið í röð, þrátt fyrir yfirlýsingu um nauðsyn þess að efla rannsóknir og vísindastarfsemi í landinu.

Svona mætti áfram telja, en meginniðurstaðan er þessi:

Rangar áherslur ríkisstjórnarinnar birtast í sparnaði og aðhaldi í félagslegum framkvæmdum og rekstri, en rekstrargjöld ráðuneyta og sumra ríkisstofnana fá að þenjast út án mikillar fyrirstöðu.

Sóað er í óarðbærar framkvæmdir en látið undir höfuð leggjast að styðja arðvænlega uppbyggingu í atvinnulífinu.

Vilja og samstöðu skortir til þess að endurskoða rekstur og tekjuöflun ríkisins með það að markmiði að stöðva hallarekstur ríkissjóðs.

Þetta er sú mynd sem við blasir í einstöku góðæri, og þetta eru meginástæður þess að Kvinnalistinn getur ekki staðið að samþykkt þessa frumvarps.

Alþingi, 12. des. 1986.

Kristín Halldórsdóttir.